

3a Pétur Einarsson f. 4. nóv. 1947 kl: 11:45 f.h. að Fálkagötu 24, Reykjavík á gömlum dívan.

Húsasmíðameistari, atvinnuflugmannsréttindi, 30 tonna skipstjórnarréttindi, lögmansréttindi. Stundaði framhaldsháskólanám í Bretlandi og Bandaríkjunum til að afla sér þekkingar á mannlegri skynjun, efri og neðri mörkum. Hefur unnið að doktorsritgerð um mannlega vitund í mörg ár, en miðar lítið sem ekkert.

Hefur unnið sem: Verkamaður til sjós og lands, kennari, leiðbeinandi í ræðumennsku, blaðamaður, ritstjóri, leiðbeinandi björgunarsveita, framkvæmdastjóri og eigandi að flugskóla, fasteignasali, lögfræðingur, þáttagerðarmaður í útvarpi, framkvæmdastjóri flugvalla og varaflugmálastjóri, flugmálastjóri, ráðgjafi ráðherra í flugmálum, alþjóðlegur ráðgjafi ríkisstjórna í Austur Afríku í flugmálum, framkvæmdastjóri félags úthafsútgerða. Frá 1996 hefur hann verið sjálfstætt starfandi við lögfræði, endurbuyggingu húsa m.a. Skólavörðustíg 33, Reykjavík, Fögruhlíð Sauðárkróki, Hótel Tindastól Sauðárkróki, Hvannavelli 6, Akureyri og Selá við Hauganes í Eyjafirði, þar sem hann rekur sjálfseignarstofnunina Rannsóknarstofnun Hugans ásamt konu sinni Svanfríði Ingvadóttur, en þau hafa verið saman síðan 1998. Nú árið 2017 hefur hann hafið undirbúning að hjálparstarfi sjálfseignarstofnunarinnar í Kenya og að undirbúningi alþjóðlegs ráðgjafafyrirtækis um endurnýjanlega orku með staðsetningu í Nairobi Kenya. Það fyrirtæki kallast International Renewable Energy Consultants og samanstendur af ungum Afríkönnum og öldruðum Íslendingum sem hafa sérmenntun í þessari grein. Þá hefur hann verið formaður í mörgum opinberum nefndum og meðlimur í tugum þeirra.

Helstu alþjóðlegu ráðgjafastörf Péturs eru:

Azores - Air Traffic Control 1984. Videotape made.

Faeroes - New International Airport 1985. Report made to the Government.

Greenland - New International Airport 1987. Report made to the Government.

Uganda - Reconstruction of Civil Aviation 1990. Proposal made to the Government.

Uganda - New Civil Aviation Authority 1991. Report made to the International Civil Aviation Organization.

Kenya - Civil Aviation Authority 1993. Report made to the International Civil Aviation Organization.

Iceland - Evaluation of the Intl. Airport of Halifax as a viable Hub in North America for Atlantic Crossing. Report made to Icelandair 1993.

Kenya - Land transportation from Mombasa to Kampala. A Business Plan made for Linden Ltd. 1994.

Kenya - Business Plan prepared for Linden Ltd. 1994 on Shrimp Catching off the Coast of Kenya.

Iceland - Feasibility Study and a Business Plan for Linden Ltd. 1994 on Air Carriage of fresh Marine products from Iceland to Europe/U.S.A.

Þá hefur Pétur unnið eftirfarandi ritstörf opinberlega, auk þess að skrifa tugi blaðagreina:

1976 Réttindi og skyldur handhafa flugrekstrarleyfis. 1976.

1992 Fortíð og framtíð íslenskra flugmála. 1987.

1994 Nýju loftferðalögin.

1995 Alþjóðleg markaðssetning á ferskum fiski.

2004 - 2011

Ræktun Skapgerðar. – Lífsorkan. - Indverska ævintýrið. - Drangeyjarjarlinn segir frá. - Guðmundur Stóri Slökkver segir frá. - Caprice Syndrome. - Development of Character. – Metasophy.- Reynslusporin.

Pétur var sæmdur orðunni Commander of the British Empire (CBE) af Elisabetu bretadrottningu 1990. Gullmerki Flugbjörgunarsveitarinnar 1992. Gullmerki Flugmálafélags Íslands 1992 og Gullmerki Pósts og síma 1992.